

378. – Stjórnarfundur LEB 25. Janúar 2024

Kl. 10.00 – fjárfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Jónas Sigurðsson og Magnús Jóhannes Magnússon.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 18. desember, borin upp til samþykktar

Samþykkt

2. Landsfundur LEB 2024

- **Dagsetning og staðsetning**

Formaður lagði til að fundurinn yrði haldinn á Hótel Reykjavík Natura þriðjudaginn 14. maí og valfrjáls kvöldverður yrði á veitingastaðnum Nauthól.

Samþykkt

- **Dagskrá Landsfundar**

Miklar umræður spunnust um ýmis mál. Einkum var rætt um hvernig ætti að ná eyrum stjórnámálanna á áherslum LEB í ýmsum málum og þá einkum kjaramálum. Einnig, í ljósi lítills fréttáflutnings af málþingi LEB síðasta haust, hvernig mætti ná áhuga fjölmiðlafólks á málefnum LEB.

Lagt til að hafa sérstakt pallborð með fjölmiðlafólki þar sem yfirskriftin væri t.d.: "Hvers vegna ná baráttumál eldra fólks ekki eyrum fjölmiðla?"

Frekari umræður um dagskrá Landsfundar bíða næsta stjórnarfundar.

3. LEB blaðið

Endurnýjaður hefur verið samningur við Rögnu Gestsdóttur blaðamann sem annaðist ritsjórn LEB blaðsins 2023 og hefur hún þegar hafið störf og er að undirbúa nokkur viðtöl. Þá er spurning um annað efni blaðsins en viðtöl við áhugaverða einstaklinga.

Tillögur:

- Draga upp mynd af þeim einstaklingum innan hóps eldra fólks sem býr við lökust kjörin.
- Af hverju sýna fjölmiðlar málefnum eldra fólks lítinn áhuga?
- Húsnæðismál hjúkrunarheimila (*sjá nánar í dagskrárlið 5*) og "útskriftarvandinn".

4. Málþing Öldrunarráðs

Öldrunarráð mun standa fyrir málþingi á Hotel Hilton Nordica þriðjudaginn 28. febrúar nk. kl. 10.00 – 14.00 undir yfirskriftinni „Þú þarft að skipta um lykilorð – að eldast á viðsjárverðum tímum“



LEB

Landssamband eldri borgara

Á mælendaskrá verða fulltrúar frá lögreglu, CERT-IS, 112.is, Bjarkarhlíð, Ísland.is, verkefnisstjórn „Gott að eldast“ og einnig frá Landsbankanum með innlegg.

LEB er aðili að Öldungaráði Íslands og Helgi Pétursson formaður LEB situr m.a. í stjórn þess.

Formaður hvatti stjórnarmenn til að sækja málþingið og lagði til að LEB greiddi þáttökugjald fyrir stjórnarmenn LEB.

Samþykkt.

5. Húsnæðismál hjúkrunarheimila

Starfshópur á vegum heilbrigðisráðherra hefur skilað skýrslu um nýja tilhögun á byggingu hjúkrunarheimila og rekstri bygginganna, sem í stuttu máli er að sveitarfélög verði losuð undan sinni 15% hlutdeild.

Þorbjörn Guðmundsson sem situr í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra f.h. LEB telur við fyrstu sýn að þetta gæti orðið til framfara og hvetur aðra stjórnarmenn til að kynna sér málið sem er kynnt á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins.

6. Starfsmannamál

Leitað hefur verið að nýjum skrifstofustjóra eftir óformlegum leiðum í stað Viðars sem átti að hætta störfum 15. janúar sl., að eigin ósk. Sú leit hefur ekki borið árangur.

Samþykkt að auglýsa starfið og formanni og varaformanni, Helga og Drífu, falið að annast ráðningarferlið.

7. Önnur mál

- Þorbjörn leggur til að LEB standi fyrir fundi í haust með fulltrúum eldri borgara í öldungaráðum sveitarfélaga.
- Þorbjörn leggur til að haldin verði ráðstefna í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga um málefni hjúkrunarheimila.

Báðar tillögurnar samþykktar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 11.45.

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 22. ebrúar 2024

Helgi Pétursson formaður LEB